# DAGBÓK

### Hallgrímskirkja- starf aldraðra

Hárgreiðsla, fótsnyrting og leikfimi hefst í dag og verður áfram á þriðjudögum og föstudögum. Upplýsingar gefur Dómhildur sömu daga í síma kirkjunnar 10745 eða 39965.

### Félag eldri borgara

Opið hús í dag, þriðjudag, í Risinu, Hverfisgötu 105, frá kl. 14. Danskennsla nk. laugardag á vegum Dansskóla Sigvalda og hefst hún kl. 14.

### Happdrætti Styrktarfélags vangefinna

Dregið var í happdrætti Styrktarfélags vangefinna hinn 24. desember sl.

Eftirfarandi númer hlutu vinning:

1. vinningur: Toyota Corolla 1600 Gli 4WD Touring, nr. 17341.

2. vinningur: Mitsubishi Lancer 1500 GLX, nr. 39674.

3.-12. vinningur: Bifreiðar að eigin vali, hver að upphæð kr. 620.000

7025 11213 17059 17574 37178 47573 70048 72321 80827 98420

### Sagnfræðistofnun Háskólans

Út er komin hjá Sagnfræðistofnun Háskólans bókin Reykjavíkurfélög. Félagshreyfing og menntastarf á ofanverðri 19. öld eftir Hrefnu Róbertsdóttur sagnfræðing.

Í bókinni er fjallað um sögu félaga og samtaka bæjarins á 19. öld, en saga þeirra er mikilvægur þáttur Reykjavíkursögunnar. Seinni helmingur aldarinnar er fyrsta skeið frjálsra samtaka bæjarbúa og voru yfir 100 félög af margvíslegum toga stofnuð á því tímabili.

Sérstök áhersla er lögð á margbreytilegt menntunarstarf sem nokkur félög bæjarins stóðu að, bæði fyrir eigin félagsmenn og aðra. Þarna fékk margt gott fólk aðstöðu til náms sem annars hefði ekki átt þess kost, enda enn langt í almenna skólaskyldu. Skólahald félaganna er mikilvægt framlag til fræðslusögunnar og hefur lítið verið dregið fram í dagsljósið áður.

Bókin er 167 síður að lengd og eru í henni á þriðja tug mynda. Dreifing bókarinnar er í höndum Sögufélags.

### Myndlistarsýning í menntamálaráðuneytinu

7. janúar — 23. febrúar 1991

Berglind Sigurðardóttir sýnir olíumálverk og pastelmyndir.

Hrafnhildur Sigurðardóttir og Ingiríður Óðinsdóttir sýna textílverk.

### Aldrei aftur í megrun!

Grönn-kynning þriðjudagskvöldið 8. janúar kl. 20.30.


Í kvöld kl. 20.30 verður Mannræktin með kynningu á Grönn- vörum og Grönnnámskeiðum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, Breiðholti. Þarna verður fjallað um matarfíkn og áhrifaríkar leiðir til bata.

Aðgangur að fyrirlestrinum er ókeypis og öllum opinn sem vilja kynna sér nýjar og árangursríkar hugmyndir um heilbrigt mataræði.

Grönn-námskeið dagana 9.-12. janúar. 9., 10. og 11. janúar frá kl. 20-23 ásamt laugardeginum 12. janúar kl. 9-17.

Skráning á námskeiðið fer fram strax að fyrirlestrinum loknum og mikilvægt er að væntanlegir þátttakendur mæti þar.

Leiðbeinandi á námskeiðunum er Axel Guðmundsson. Hann hefur sjálfur átt við matarfíkn að stríða og hefur náð góðum árangri með þessu kerfi.




### Arngunnur Ýr

mun sýna ný verk í austursal Kjarvalsstaða dagana 12.-27. janúar nk. Sýningin nefnist „Varanlegar menjar" og eru verkin unnin á árunum 1989-1990, í Amsterdam, Reykjavík og San Fransisco.

Arngunnur Ýr stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk BFA prófi frá San Fransisco Art Institute 1986. Hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga í Bandaríkjunum, Evrópu og Íslandi, auk þess sem hún hefur haldið einkasýningar hérlendis og vestanhafs. Síðastliðinn vetur dvaldi hún í Amsterdam þar sem hún starfaði að nýju verkefni og er nú nýkomin frá San Fransisco þar sem hún hefur dvalið í haust.


Myndirnar eru unnar með blandaðri tækni. Þar er um að ræða hefðbundnar aðferðir í olíumálun jafnt sem veggmyndir unnar úr viði, gleri, hári, málmum og ýmsum efnum öðrum. Sýningin er opin daglega frá kl. 11 til 18. Opnun sýningarinnar er þann 12. janúar kl. 16, en þar munu Bryndís Halla Gylfadóttir, Áshildur Haraldsdóttir, Bergljót Anna Haraldsdóttir og Steinunn Birna Ragnarsdóttir flytja tónlist.

AUGLÝSINGASÍMAR TÍMANS:
680001 & 686300




LONDON - NEW YORK - STOCKHOLM
DALLAS TOKYO
Hard Rock CAFE
Kringlunni 8-12 Sími 689888

## Krossgátan



**6191.**

**Lárétt**

1) Þungaðar 6) Farða 7) Kind 9) Keyr 10) Brúnina 11) Tveir eins 12) Fjórir 13) Svif 15) Fyrir stuttu

**Lóðrétt**

1) Eirðarleysið 2) Hríðarkóf 3) Leikfangahermaður 4) Tveir eins 5) Strandtimbur 8) Runa 9) Álpist 13) Fisk 14) Að

**Ráðning á gátu nr. 6190**

**Lárétt**

1) Oddviti 6) Val 7) Sæ 9) VI 10) Afundin 11) Ra 12) KN 13) Snæ 15) Kríaðir

**Lóðrétt**

1) Ofsarok 2) DV 3) Vagnana 4) Il 5) Iðinnar 8) Æfa 9) Vik 13) Sí 14) Æð

## Bilanir

**Ef bilar rafmagn, hitaveita eða vatnsveita má hringja í þessi símanúmer:**

**Rafmagn:** Í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi er sími 686230. Akureyri 24414, Keflavík 12039, Hafnarfjörður 51336, Vestmannaeyjar 11321.

**Hitaveita:** Reykjavík sími 82400, Seltjarnarnes sími 621180, Kópavogur 41580, en eftir kl. 18.00 og um helgar í síma 41575, Akureyri 23206, Keflavík 11515, en eftir lokun 11552. Vestmannaeyjar sími 11088 og 11533, Hafnarfjörður 53445.

**Sími:** Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Akureyri, Keflavík og Vestmannaeyjum tilkynnist í síma 05.

**Bilanavakt hjá borgarstofnunum** (vatn, hitaveita o.fl.) er í síma 27311 alla virka daga frá kl. 17.00 til kl. 08.00 og á helgum dögum er svarað allan sólarhringinn. Tekið er þar við tilkynningum á veitukerfum borgarinnar og í öðrum tilfellum, þar sem borgarbúar telja sig þurfa að fá aðstoð borgarstofnana.

## Gengisskráning

**7. janúar 1991 kl. 09.15**

| | Kaup | Sala |
|---|---|---|
| Bandaríkjadollar | 55,640 | 55,800 |
| Sterlingspund | 106,467 | 106,773 |
| Kanadadollar | 48,113 | 48,251 |
| Dönsk króna | 9,5070 | 9,5344 |
| Norsk króna | 9,3450 | 9,3719 |
| Sænsk króna | 9,7768 | 9,8050 |
| Finnskt mark | 15,1711 | 15,2147 |
| Franskur franki | 10,7788 | 10,8098 |
| Belgískur franki | 1,7734 | 1,7785 |
| Svissneskur franki | 43,2323 | 43,3566 |
| Hollenskt gyllini | 32,4157 | 32,5090 |
| Þýskt mark | 36,5440 | 36,6490 |
| Ítölsk líra | 0,04866 | 0,04880 |
| Austurrískur sch | 5,1939 | 5,2089 |
| Portúg. escudo | 0,4098 | 0,4110 |
| Spánskur peseti | 0,5770 | 0,5786 |
| Japanskt yen | 0,40868 | 0,40986 |
| Írskt pund | 97,668 | 97,949 |
| Sérst. dráttarr. | 78,6449 | 78,8711 |
| ECU-Evrópum. | 75,2837 | 75,5002 |

## RÚV ÚTVARP

### Þriðjudagur 8. janúar

**MORGUNÚTVARP KL. 6.45 - 9.00**

**6.45 Veðurfregnir.**
Bæn, séra Geir Waage flytur.
**7.00 Fréttir.**
**7.03 Morgunþáttur Rásar 1**
Fjölþætt tónlistarútvarp og málefni líðandi stundar. - Soffía Karlsdóttir.
**7.32 Daglegt mál,** sem Mörður Árnason flytur.
(Einnig útvarpað kl. 19.55)
**7.45 Listrót**
- Meðal efnis er myndlistargagnrýni Guðbergs Bergssonar . Umsjón: Þorgeir Ólafsson. .
**8.00 Fréttir og Morgunauki**
um viðskiptamál kl. 8.10.
**8.15 Veðurfregnir.**
**8.30 Fréttayfirlit.**
**8.32 Segðu mér sögu** „Freyja"
eftir Kristínu Finnbogadóttur frá Hítardal Ragnheiður Steindórsdóttir les (5).

**ÁRDEGISÚTVARP KL. 9.00 - 12.00**

**9.00 Fréttir.**
**9.03 Laufskálinn** Umsjón: Már Magnússon.
**9.45 Laufskálasagan.** „Frú Bovary"
eftir Gustave Flaubert. Arnhildur Jónsdóttir les þýðingu Skúla Bjarkans (57).
**10.00 Fréttir.**
**10.03 Við leik og störf**
Fjölskyldan og samfélagið. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir, Sigríður Arnardóttir og Hallur Magnússon. Leikfimi með Halldóru Björnsdóttur eftir fréttir kl. 10.00, veðurfregnir kl. 10.10, þjónustu- og neytendamál og umfjöllun dagsins.
**11.00 Fréttir.**
**11.03 Árdegistónar.** „Gyðjur norðanvindsins", svíta eftir Jean-Philippe Rameau. Hljómsveit 18. aldarinnar leikur; Frans Brüggen stjórnar. „Stúlkan og vindurinn" eftir Pál P. Pálsson. Manuela Wiesler leikur á flautu og Helga Ingólfsdóttir á sembal. „Þrumur og eldingar", polki eftir Johann Strauss. Sinfóníuhljómsveitin í Chicago leikur; Fritz Reiner stjórnar. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti).
**11.53 Dagbókin**

**HÁDEGISÚTVARP kl. 12.00 - 13.30**

**12.00 Fréttayfirlit á hádegi**
**12.01 Endurtekinn Morgunauki.**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.45 Veðurfregnir.**
**12.48 Auðlindin** Sjávarútvegs- og viðskiptamál.
**12.55 Dánarfregnir.** Auglýsingar.
**13.05 Í dagsins önn** - Dagvist barna
Menntastofnun eða félagsleg þjónusta ? Umsjón: Hallur Magnússon. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 3.00).

**MIÐDEGISÚTVARP KL. 13.30 - 16.00**

**13.30 Hornsófinn** Frásagnir, hugmyndir, tónlist.
Umsjón: Friðrika Benónýsdóttir, Hanna G. Sigurðardóttir og Ævar Kjartansson.
**14.00 Fréttir.**
**14.03 Útvarpssagan:**
„Maðurinn sem alltaf vantaði klósettpappír", eftir vesturíslenska rithöfundinn Bill Valgarðsson Böðvar Guðmundsson les eigin þýðingu.
**14.30 Píanósónata númer 3 í d-moll**
eftir Carl Maria von Weber Garick Ohlsson leikur.
**15.00 Fréttir.**
**15.03 Kíkt út um kýraugað**
Frásagnir af skondnum uppákomum í mannlífinu. Umsjón: Viðar Eggertsson. (Einnig útvarpað á sunnudagskvöld kl. 21.10).

**SÍÐDEGISÚTVARP KL. 16.00 - 18.00**

**16.00 Fréttir.**
**16.05 Völuskrín**
Kristín Helgadóttir les ævintýri og barnasögur.
**16.15 Veðurfregnir.**
**16.20 Á förnum vegi** Austur á fjörðum með Haraldi Bjarnasyni.
**16.40 „Ég man þá tíð"**
Þáttur Hermanns Ragnars Stefánssonar.
**17.00 Fréttir.**
**17.03 Vita skaltu**
Ari Trausti Guðmundsson, Illugi Jökulsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir afla fróðleiks um allt sem nöfnum tjáir að nefna, fletta upp í fræðslu- og furðuritum og leita til sérfróðra manna.
**17.30 Tríó númer 3 í d-moll**
eftir Franz Berwald Berwald tríóið leikur.

**FRÉTTAÚTVARP 18.00-20.00**

**18.00 Fréttir**
**18.03 Hér og nú**
**18.18 Að utan**
(Einnig útvarpað eftir fréttir kl. 22.07)
**18.30 Auglýsingar.** Dánarfregnir.
**18.45 Veðurfregnir.** Auglýsingar.
**19.00 Kvöldfréttir**
**19.35 Kviksjá**
**19.55 Daglegt mál**
Endurtekinn þáttur frá morgni sem Mörður Árnason flytur.

**TÓNLISTARÚTVARP KL. 20.00 - 22.00**

**20.00 Í tónleikasal**
Frá tónleikum á Vínarhátíðinni í vor: Tónlist eftir Ernst Krenek. Ernst Kovacic leikur á fiðlu, Heinz Zednik tenór syngur, og David Lutz leikur á píanó. Sónata nr. 7 ópus 240 fyrir píanó, Sónata nr. 1 ópus 33, fyrir fiðlu og „Ballaðan um járnbrautarlestina", ópus 98, fyrir söngrödd og píanó.
**21.10 Stundarkorn í dúr og moll**
Umsjón: Knútur R. Magnússon. (Einnig útvarpað á laugardagskvöld kl. 00.10).

**KVÖLDÚTVARP KL. 22.00 - 01.00**

**22.00 Fréttir.**
**22.07 Að utan** (Endurtekinn frá 18.18)
**22.15 Veðurfregnir.**
**22.20 Orð kvöldsins.** Dagskrá morgundagsins.
**22.30 Leikrit vikunnar:**
„Hann kemur, hann kemur" eftir Gunnar Gunnarsson Leikstjóri: Hallmar Sigurðsson. Leikendur: Sigurður Skúlason, Theódór Júlíusson og Helga Stephensen. (Endurtekið úr miðdegisútvarpi frá fimmtudegi).
**23.15 Djassþáttur** Umsjón: Jón Múli Árnason.
**24.00 Fréttir.**
**00.10 Miðnæturtónar**
(Endurtekin tónlist úr Árdegisútvarpi).
**01.00 Veðurfregnir.**
**01.10 Næturútvarp** á báðum rásum til morguns.

## RÁS 2

**7.03 Morgunútvarpið** - Vaknað til lífsins
Leifur Hauksson og félagar hefja daginn með hlustendum. Upplýsingar um umferð kl. 7.30 og litið í blöðin kl. 7.55.
**8.00 Morgunfréttir**
- Morgunútvarpið heldur áfram.
**9.03 Níu fjögur**
Dagsútvarp Rásar 2, fjölbreytt dægurtónlist og hlustendaþjónusta.
Einarsson.
**11.30 Þarfaþing**
**12.00 Fréttayfirlit og veður.**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.45 Níu fjögur**
Dagsútvarp Rásar 2 heldur áfram.
**13.20 Vinnustaðaþrautirnar þrjár**
**14.10 Gettu betur!** Spurningakeppni Rásar 2 með veglegum verðlaunum. Umsjónarmenn: Guðrún Gunnarsdóttir, Eva Ásrún Albertsdóttir og Gyða Dröfn Tryggvadóttir.
**16.03 Dagskrá**
Starfsmenn dægurmálaútvarpsins og fréttaritarar heima og erlendis rekja stór og smá mál dagsins.
**18.03 Þjóðarsálin**
- Þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91 - 68 60 90
**19.00 Kvöldfréttir**
**19.32 Gullskífan**
**20.00 Lausa rásin** Útvarp framhaldsskólanna.
Bíórýni og farið yfir það sem er að gerast í kvikmyndaheiminum. Umsjón: Hlynur Hallsson og Oddný Eir Ævarsdóttir .
**21.00 Á tónleikum** með Michelle Shocked
Lifandi rokk. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 01.00 og laugardagskvöld kl. 19.32)
**22.07 Landið og miðin**
Sigurður Pétur Harðarson spjallar við hlustendur til sjávar og sveita. (Úrvali útvarpað kl. 5.01 næstu nótt).
**00.10 Í háttinn**
**01.00 Næturútvarp** á báðum rásum til morguns.
**Fréttir** kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
**Samlesnar auglýsingar** laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 19.30.

**NÆTURÚTVARPIÐ**

**01.00 Með grátt í vöngum**
Endurtekinn þáttur Gests Einars Jónassonar frá laugardegi.
**02.00 Fréttir.**
- Með grátt í vöngum þáttur Gests Einars heldur áfram.
**03.00 Í dagsins önn** - Dagvist barna
Menntastofnun eða félagsleg þjónusta ? Umsjón: Hallur Magnússon. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1).
**03.30 Glefsur**
Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
**04.00 Vélmennið** leikur næturlög.
**04.30 Veðurfregnir.**
- Vélmennið heldur áfram leik sínum.
**05.00 Fréttir** af veðri, færð og flugsamgöngum.
**05.05 Landið og miðin**
Sigurður Pétur Harðarson spjallar við hlustendur til sjávar og sveita. (Endurtekið úrval frá kvöldinu áður).
**06.00 Fréttir** af veðri, færð og flugsamgöngum.
**06.01 Morguntónar**
**LANDSHLUTAÚTVARP Á RÁS 2**
**Útvarp Norðurland kl. 8.10-8.30 og 18.35-19.00.**

## RÚV SJÓNVARP

### Þriðjudagur 8. janúar

**17.50 Einu sinni var.. (14)**
Franskur teiknimyndaflokkur með Fróða og félögum þar sem saga mannkyns er rakin. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir. Leikraddir Halldór Björnsson og Þórdís Arnljótsdóttir.
**18.20 Íþróttaspegill** Þáttur um barnaíþróttir. Umsjón Bryndís Hólm og Jónas Tryggvason. Dagskrárgerð + film.
**18.55 Táknmálsfréttir**
**19.00 Fjölskyldulíf (27)** (Families)
Ástralskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
**19.20 Brauðstrit (1)** (Bread)
Breskur gamanmyndaflokkur um fjölskyldu sem lifir góðu lífi þrátt fyrir fátækt og atvinnuleysi. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
**19.50 Hökki hundur** Bandarísk teiknimynd.
**20.00 Fréttir og veður**
**20.35 Ísland í Evrópu (6)**
Hvað verður um fullveldið? Sjötti þáttur af átta um samskipti Íslendinga við þjóðirnar á meginlandi Evrópu. Í þessum þætti verður fjallað um fullveldishugtakið og þá skerðingu þess sem margir óttast þegar Evrópubandalagið er annars vegar. Umsjón Ingimar Ingimarsson. Stjórn upptöku Birna Ósk Björnsdóttir.
**21.00 Mannvíg (1)** (Shoot to Kill)
Breskur sakamálamyndaflokkur sem gerist á Norður-Írlandi og er byggður á sannsögulegum atburðum. Leikstjóri Peter Kosminsky. Aðalhlutverk Jack Shepherd og David Calder. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
**22.00 Nýjasta tækni og vísindi**
Í þættinum verður fjallað um hljóðmyndun slagæða, rannsóknir á skýjafari, litaljósritunarvél, rannsóknir á kínverskum jöklum og um lækningamátt regnskógajurta. Umsjón Sigurður H. Richter.
**22.15 Kastljós á þriðjudegi**
Umræðu- og fréttaskýringaþáttur.
**23.00 Ellefufréttir og dagskrárlok**

## STÖÐ 2

### Þriðjudagur 8. janúar

**16:45 Nágrannar** (Neighbours)
Ástralskur framhaldsþáttur.
**17:30 Maja býfluga**
Skemmtileg teiknimynd um býfluguna Maju.
**17:55 Fimm félagar** (Famous Five)
Spennandi myndaflokkur fyrir alla krakka.
**18:30 Eðaltónar** Hugljúfur tónlistarþáttur.
**19:19 19:19** Fréttir og fréttatengt efni frá fréttastofu Stöðvar 2. Stöð 2 1991.
**20:15 Neyðarlínan** (Rescue 911)
Sannar sögur um hetjudáðir venjulegs fólks og mikilvægi neyðarlínunnar.
**21:05 Sjónaukinn**
Helga Guðrún Johnson lýsir íslensku mannlífi í máli og myndum. Stöð 2 1991.
**21:35 Hunter** Spennandi framhaldsþáttur um lögreglustörf í Los Angeles.
**22:25 Hundaheppni** (Stay Lucky)
Fyrsti þáttur bresks sakamálaþátta í gamansömum dúr um braskara, Thomas Gynn, sem neyðist til að flýja London með kínversku mafíunna á hælunum.
**23:15 Hjólabrettalýðurinn** (Thrashin')
Hjólabretti og aftur hjólabretti eru áhugamál þessara krakka. Ungur drengur ákveður að þjálfa sig undir keppni á hjólabretti og fer að heiman í því skyni. Aðalhlutverk: Josh Brolin og Robert Russler. Leikstjóri: David Winters.Framleiðandi: Charles Fries. 1986.Bönnuð börnum. Lokasýning.
**01:45 Dagskrárlok**



**Hundaheppni** er nýr breskur sakamálaþáttur sem hefur göngu sína á Stöð 2 kl. 22.25 í kvöld. Þættirnir fjalla í gamansömum dúr um braskara, Thomas Gynn, sem neyðist til að flýja Lundúnaborg með hina illræmdu kínversku mafíuna á hælunum.

